



Skólamötuneytið

LEIKSKÓLINN SKÓGARLAND

Þann 1. mars nk. bætist Leikskólinn Skógarland við þær stofnanir Fljótsdalshéraðs sem fá hádegisverð frá Skólamötuneytinu. Vilmundína Kristjánsdóttir starfar áfram í eldhúsinu í Skógarlandi og sér um morgunverð og nónhressingu, en Ingibjörg Birna Elís-dóttir flytur sig í Skólamötuneytið og mun sinna þar almennum störfum auk þess að bera ábyrgð á framleiðslu á sérfæði fyrir þá nemendur sem þurfa á því að halda.

BREYTING Á ÁHERSLUM Á MATSEÐLUM Á VORMISSERI 2011

Ofnæmi ýmiss konar er eitt af því sem þarf að taka tillit til í skólastarfi. Í haust hóf nemandi nám í 1. bekk í Egilsstaðaskóla sem hefur glímt við fjölpætt ofnæmi lengi. Hér fylgir frásögn foreldra:

Dóttir okkar, greindist 6 mánaða gömul með mikið ofnæmi, astma og exem. Hennar ofnæmis-sjúkdómur er þannig að svokallað IgE gildi í blóðinu er ómælanlega mikið og mælist hún því með ofnæmi fyrir öllu sem er mælt. Það sem staðfest hefur verið að hún sé með ofnæmi fyrir er: Hveiti, fiskur, mjólk, egg, hnetur, sesamfræ, rúgmjöl, hafnar, maís, bókhveiti, birki, ryk, frjókorn, hundar, hestar og kettir. Ennfremur eru margir aðrir þættir sem geta haft áhrif á líðan hennar, má þar nefna hitabreytingar og andlega þætti eins og stress.

Þetta háa IgE gildi veldur jafnframt því að ofnæmisviðbrögð verða meiri en hjá „venjulegum“ ofnæmissjúklingum. Hennar ofnæmis viðbrögð brjótast út í exemi og mjög miklum kláða, hún verður þreytt og sljó, og þessu fylgir mikil vanlíðan. Hún hefur alla tíð þurft að vera í mjög vernduðu umhverfi, bæði í leikskóla og heima fyrir.

Það er ekki mikið mál að stjórna því sem hún borðar en erfitt getur reynst að stjórna utanaðkomandi áhrifum eins og t.d þegar verið er að elda fisk eða baka úr hveiti, nóg er að finna fiskilykt til að ofnæmis einkenni komi fram. Þessi viðbrögð geta verið mjög mikil og varað lengi og jafnvel verið að koma fram mörgum tímum eftir að hún verður fyrir áreiti.

Ef hægt er að útiloka ofnæmisvaka til lengri tíma eru meiri líkur á að hennar sjúkdómur minnki eða jafnvel hverfi. Þess vegna er mjög mikilvægt að reyna að útiloka eins mikið og mögulegt er, áreiti frá ofnæmisvökum.

Það hefur komið í ljós á haustönninni að erfitt er að koma í veg fyrir að það hafi mjög neikvæð áhrif á stúlkuna þegar eldaður er fiskur eða bakað brauð í mötuneytinu. Á fundum með foreldrunum, forstöðumönnum þeirra stofnana sem fá og munu fá hádegisverð frá Skólamötuneytinu og fulltrúum foreldra sömu stofnana hefur verið rætt hvernig hægt sé að bregðast við til að tryggja velferð þessa nemanda en jafnframt standa vörð um þær áherslur um að fylgja lýðheilsuáhrifum og öðrum mikilvægum áherslum sem byggt hefur verið á í Skólamötuneytinu. Niðurstaða þeirra funda er að á vormisseri 2011 verður aðeins boðið upp á fiskmáltíð einu sinni í viku og fiskmáltíðin verður á föstudögum. Í staðinn fyrir þá fiskimáltíð sem tekin verður af matseðli verður leitast við að bjóða upp á léttar kjötmáltíðir eða grænmetisrétti.